

Nd.

331. Frumvarp til laga

um styrk til vatnsveitna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Ríkissjóður veitir styrk til vatnsveitna, er sveitarfélög láta gera, samkvæmt þeim reglum, er í lögum þessum segir.

2. gr.

Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá styrk úr ríkissjóði til hennar, og skal sveitarstjórn þá, áður en framkvæmd verksins er hafin, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til að tryggja almenningshagsmuni.

3. gr.

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til vatnsveitugerðar, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón vegamálastjóra eða annars manns, sem ráðherra samþykkir.

4. gr.

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, þar með taldir vatnsgeymar, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó ekki meiru en helming kostnaðar þessa.

5. gr.

Ráðherra ákveður styrk til einstakra vatnsveitna, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Við styrkúthlutunina skal taka tillit til íbúafjölda á vatnsveitunarsvæðinu, fasteignamats eigna á staðnum og kostnaðar aðveitunnar. Styrkur til bæjarkerfis vatnsveitu til dreifingar vatnsins skal ekki veittur.

6. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til stofnæðar vatnsveitunnar (sbr. 4. gr.).

7. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kaupúninu eða í kaupstaðnum. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, og einnig má ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna.

Sérstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupúnsins eða kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjald-daga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 22. gr. laga nr. 15 20. júní 1923 og lög nr. 129 9. des. 1941.

Greinargerð.

Samgöngumálaráðuneytið óskaði þess, að heilbr.- og félmn. Nd. flytti frv. þetta. Nefndin hefur samþykkt að verða við þessari ósk, og fylgir hér greinargerð ráðuneytisins með frumvarpinu. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja hrtt., sem fram kunna að koma.

Svo hljóðandi ályktun um undirbúning löggjafar um vatnsveitur var samþ. á Alþingi 1945:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina,

1. að láta athuga og gera yfirlit um, hver af kaupúnum og kaupstöðum landsins búa við óviðunandi neyzluvatn og hvaða úrræði komi helzt til greina á hverjum stað;

2. að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt þing löggjöf um stuðning ríkisins við vatnsveitur fyrir þau kaптún og kaupstaði, sem eiga svo erfiða aðstöðu, að þeim er algerlega um megn að ráðast í slík fyrirtæki af eigin rammleik.“

Ráðuneytið fól vegamálastjóra að útvega upplýsingar frá öllum kaupstöðum og kaптúnunum um, hvernig ástátt væri um vatnsveitumál þeirra. Tók langan tíma að afla skýrslna og taka saman yfirlit um ástand þessara mála, enda voru frá ýmsum kaптúnunum æði ófullnægjandi, svo sem ekki er óeðlilegt.

Vegamálastjóri hefur gert heildaryfirlit, er fylgir greinargerð þessari, um helztu niðurstöður, og er þá miðað við árið 1945. Svo sem yfirlitið ber með sér, er aðeins í 2 kaupstöðum, Siglufirði og Akureyri, vatnsveitan talin fullnægjandi, en fyrir dyrum er að leggja í mikinn endurbótakostnað í öllum hinum 7, og hafa þó Vestmannaeyjar sérstöðu, því að þar er engin vatnsveita og enn lítið eða ekkert annað vatn fáanlegt en rigningarvatn.

Í 11 kaптúnunum er vatnsveitan talin nægileg. Í sumum nægir þó vatnið ekki til brunavarna, að minnsta kosti ekki nema að einhverju leyti, og yfirleitt ekki heldur fyrir vexti kaптúnsins. Í 15 kaптúnunum var ófullnægjandi vatnsveita, en ráðagerðir í sumum þeirra, sérstaklega Keflavík og Skagaströnd, um lagningu vatnsveitu, sem munu nú komnar til framkvæmda. Í 6 kaптúnunum voru aðeins sérveitur í fleiri eða færri hús. Í 11 kaптúnunum voru engar veitur, aðeins brunnar. Er Stykkishölmur stærstur þeirra og öll aðstaða þar líklega einna erfiðust. Hefur nú verið byrjað á framkvæmdum þar, og mun lagningu stofnæðar að miklu leyti lokið.

Svo sem yfirlit þetta ber með sér, vantar mjög á, að þetta sjálfsagða menningar- og heilbrigðismál, vatnsveitur inn á hvert heimili, sé í viðunandi horfi. Áætlanir liggja ekki fyrir um framkvæmdir og yfirleitt ekki fullnægjandi rannsókn eða mælingar til undirbúnings kostnaðaráætlunum, og er því ekki unnt að gera sér grein fyrir, um hve mikinn heildarkostnað er að ræða. Það er þó augljóst, að hann skiptir nokkrum milljónum.

Aðstaða kaптúnanna til þess að ná í gott neyzluvatn er allmisjöfn, en þó yfirleitt nokkuð örðug. Er augljóst, að sumum kaптúnanna er algerlega um megn að standa undir þessum kostnaði án aðstoðar ríkissjóðs, sérstaklega með ábyrgð á lánsfé eða jafnvel beinum styrk.

Í þessu sambandi má geta þess, að víðast eru ólögð skolpræsi í þessum kaптúnunum, sem sveitarsjóður þarf einnig að kosta, en erfitt mun að leggja á svo há lokræsagjöld, að þau geti staðið undir kostnaði við lokræsakerfið.

Er því borið fram frumvarp þetta til laga um styrk til vatnsveitna. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að aðstoð ríkissjóðs miðist við stofnæðar, sbr. 4. gr., en ekki sjálft bæjarkerfið til dreifingar vatninu, sbr. 5. gr.

Við athugun málsins hefur komið fram, að ógerlegt þykir að ákveða styrkhlutföllin fyrir fram, sérstaklega þar sem engar kostnaðaráætlanir liggja fyrir um stofnæðar til einstakra bæja. Eru því sett almenn ákvæði í 5. gr. um, hver tillit skuli taka um styrkveitingar.

Í 22. gr. vatnalaganna, sem fellur úr gildi, ef frumvarp þetta verður að lögum, er ákvæði um hámark vatnsskatts. Það hefur komið í ljós, að einstakir bæir komast ekki hjá því að hafa enn hærri vatnsskatt en heimilað er í þessari grein með áorðinni breytingu í lögum frá 1941, enda ekki óeðlilegt, þar sem fasteignaskatturinn hefur hækkað mjög lítið miðað við kostnaðarverð vatnsveitna, sem gerðar hafa verið næst undanfarin ár. Þykir því rétt að sleppa alveg hámarksákvæðinu. Að öðru leyti er 7. gr. frv. samhljóða 22. gr. vatnalaganna.

Fylgiskjal.**Vatnsveitumál.**

Samandregið yfirlit yfir ástand í kaupstöðum og kauptúnum miðað við árið 1945.

Kaupstaðirnir (utan Reykjavíkur) samtals 9 vatnsveitur:	Íbúar:
Hafnarfjörður	4050
Ónóg, kostnaðarsamar umbætur fyrirhugaðar.	
Akranes	2026
Ekki nægileg.	
Ísafjörður	2950
Ónóg, mikil aukning nauðsynleg.	
Siglufjörður	2950
Má telja nægja.	
Ólafsfjörður	697
Talsvert kostnaðarsamar endurbætur nauðsynlegar.	
Akureyri	5939
Má telja nægja.	
Seyðisfjörður	816
Ónóg, talsverð aukning nauðsynleg.	
Neskaupstaður	1178
Ónóg, mikil aukning nauðsynleg.	
Vestmannaeyjar	3600
Engin, má vænta, að verði mjög kostnaðarsöm.	
	<hr/>
	24206

Kauptúnin:**I. Vatnsveitur:****a. Fullnægjandi:**

Borgarnes	665
Ólafsvík	500
Var fullgerð 1945, nægir fyrst um sinn, nema til brunavarna.	
Bolungavík	600
Var fullgerð fyrir fáum árum.	
Hólmavík	350
Verkið hafið 1945, ráðgert að fullgera 1946.	
Hjalteyri	450
Grenivík	150
Hrísey	364
Glerárþorp	428
Nægir, nema til brunavarna.	
Búðareyri við Reyðarfjörð	330
Vík í Mýrdal	235
Hveragerði	300
Fullgerð 1945.	
	<hr/>
	4372

b. Ófullnægjandi:

Patreksfjörður	800
Allkostnaðarsöm.	
Bíldudalur	370
Flateyri	420
Nær því fullnægjandi.	

	Íbúar:	
Suðureyri	350	
Nær því fullnægjandi.		
Hnífsdalur	ca. 330	
Ófullkomin.		
Skagaströnd	ca 200	
Fyrirhuguð í sambandi við nýsköpun.		
Sauðárkrókur	914	
Talsvert kostnaðarsamar endurbætur nauðsynlegar.		
Dalvík	509	
Smáviðbætur fyrirhugaðar.		
Húsavík	1096	
Raufarhöfn	340	
Þórshöfn	300	
Vatnsveita lögð 1945.		
Bakkagerði	140	
Smáviðbætur fyrirhugaðar.		
Eskifjörður	720	
Selfoss	500	
Þarf talsverða aukningu.		
Keflavík	1661	
Brunnar. Vatnsveita í undirbúningi, verður mjög dýr.		
	<hr/>	8650
II. Ekki vatnsveitur:		
a. Sérveitur í fleiri eða færri hús:		
Súðavík	230	
Drangnes	180	
Hvammstangi	211	
Blönduós	379	
Hofsós	210	
Fáskrúðsfjörður	600	
	<hr/>	1810
b. Engar veitur, brunnar:		
Hellissandur	380	
Stykkishólmur	700	
Flatey á Breiðafirði	124	
Þingeyri	400	
Flatey á Skjálfanda	140	
Vopnafjörður	300	
Djúpivogur	250	
Höfn í Hornafirði	300	
Stokkseyri	480	
Eyrarbakki	ca. 570	
Grindavík	200	
	<hr/>	3844
Yfirlit.		
Kaupstaðir	9	24206
Kauptún, fullnægjandi vatnsveitur	11	4372
— ófullnægjandi vatnsveitur	15	8650
— ekki vatnsveita, en sérveitur í nokkur hús	6	1810
— engar veitur, aðeins brunnar	11	3844
	<hr/>	52
		42882